

í heild kr. 45.000,00. Verður stefndi því dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, eins og krafist er í stefnu.

Þá þykir mega fallast á það með stefnanda, að orðið „drykkjumaður“ í greinargerð lögmanns stefnda sé meiðandi fyrir hann, og ber að ómerkja það að kröfu hans.

Eftir þessari niðurstöðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 5.500,00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint orð er ómerkt.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Gunnlaugi Stephensen, kr. 45.000,00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1953 til greiðsludags og kr. 5.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1959.

Nr. 55/1958. **Jón Jónsson** (Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Jón Skaftason hdl.)

og gagnsök.

Dómdur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Línal.

Skaðabótamál út af niðurskurði á sauðfé.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1958. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 133.236,41 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. maí 1958. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar. *Til vara* krefst hann þess, að sér verði aðeins dæmt að greiða kr. 2.548,77 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags, en að málskostnaður verði felldur niður bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Af ástæðum þeim, sem raktar eru í héraðsdómi, ber gagnáfrýjanda að bæta aðaláfrýjanda að fullu tjón hans vegna niðurskurðar á fé hans haustið 1951, þ. e. 132 kindum eins og tveggja ára gömlum. Leggja verður til grundvallar, að aðaláfrýjandi hefði rekið áfram sauðfjárbúskap á jörð sinni, ef ekki hefði komið til niðurskurðar, þar sem staðhæfingu hans um það hefur ekki verið hnekkt. Bæturnar ber að miða við það, að aðaláfrýjandi hefði komið sér upp nýjum fjárstofni, svo fljótt sem kostur var á, og notað til þess niðurlagsverð fjár þess, sem niður var skorið, kr. 38.413,23. Hins vegar á hann rétt til bóta fyrir afurðatjón þann tíma, sem ætla má, að það hefði tekið hann að koma fjáreign sinni í sama horf og var fyrir niðurskurðinn. Við ákvörðun bótanna ber á það að líta, að hér var um ungan og góðan fjárstofn að ræða. Aftur á móti var aðaláfrýjandi lítt birgur að heyjum haustið 1951, og hefði því orðið kostnaðarsamt fyrir hann að koma fé sínu fram yfir veturinn, en það hefði dregið úr arði af fénu árið 1952. Þegar virtar eru ástæður þær, sem hér að framan voru greindar, og einnig til þess litið, að aðaláfrýjandi fékk greiddar úr ríkissjóði kr. 25.038,00 hinn 30. marz 1953, þá þykja viðbótarbætur honum til handa vegna niðurskurðarins hæfilega ákveðnar af héraðsdómi. Og með því að einnig má fallast á niðurstöðu héraðsdómenda um aðra kröfuliði, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. þ. m., hefur Jón Jónsson bóndi, Steinholti í Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 29. september 1955, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 161.141,00, með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Síðar hefur stefnandi lækkað kröfur sínar þannig, að hann krefst nú, að stefnda verið dæmt að greiða honum kr. 133.236,41 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans eftir mati dómsins. *Til vara* krefst hann lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Um mánaðamótin september og október 1951 varð stefnandi var við sjúkdómseinkenni á tveimur lömbum í fé sínu. Skýrði hann sýslumanni Skagafjarðarsýslu frá því sama daginn og hann varð var við þetta. Daginn eftir sendi sýslumaður Guðmund Andrésson, dýralækni á Sauðárkróki, til að rannsaka lömb þessi. Í vottorði, sem Guðmundur sendi til sauðfjársjúkdómanefndar og dagsett er 6. október 1951, segir meðal annars:

„Skoðaði ég nákvæmlega hverja kind á umræddum bæ, klaufir, munnvik og nasir og yfirleitt útlit og líðan hvernar kindar. Við rannsókn þessa kom í ljós, að 6 kindur, 4 lömb og 2 ær, voru mjög grunsamar, og tók ég þær frá og setti í sóttkví. Í girðingarhólf því, sem Steinholtshéð er geymt, er einnig fé frá Gili. Reyndist það ósjúkt.“

Sama daginn, er fyrrgreindri skoðun var lokið, mun sýslumaður hafa tjáð stefnanda, að fé hans væri frá og með þeim degi sett í sóttkví. Málum var þannig háttað hjá stefnanda, að á útmánuðum 1951 varð húsbruni hjá honum. Um sumarið 1951 hóf hann því byggingu nýs íbúðarhúss. Af þeim sökum svo og, að því er virðist, vegna lélegrar grassprettu og óhagstæðrar heyskapartíðar auk heilsuleysis hans sjálfs varð hefyngur hans óvenjulítill og engan veginn nægur handa fénaði hans. Af þessu hafði hann komið hluta af fé sínu í fóður og á leigur. Kveðst stefnandi þannig hafa verið búinn að ráðstafa 92 kindum í

Skarðshreppi í sömu sýslu. Einnig hafi komið til tals, að hann ráðstafaði fleiri kindum á þann hátt. Eftir að fé hans var sett í sóttkví, hafi leigutakar fjárens í Skarðshreppi neitað að taka við því, og hreppsnefnd þess hrepps hafi verið því andvíg, að fé hans yrði flutt inn og dreift um hreppinn. Skrifaði oddviti Skarðshrepps sauðfjársjúkdómanefnd 13. okt. og fór þess á leit, að fé stefnanda yrði allt skorið niður til þess að bægja frá hættu þeirri, er samfara væri veiki þeirri, er fannst í fénu. Sauðfjársjúkdómanefnd skrifaði landbúnaðarráðuneytinu bréf um málið 18. okt., þar sem lýst var yfir því, að sjúkdómur sá, sem í fé stefnanda var, heyrði ekki undir lög um sauðfjársjúkdóma og fjárskipti, og vísaði nefndin málinu til ráðuneytisins. Á sama tíma hafði yfirdýralæknir landsins málið til athugunar, og tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum fékk sýkta líkamshluta af fénu til rannsóknar. Hinn 21. okt. skrifaði yfirdýralæknirinn ráðuneytinu bréf, þar sem hann segir, að rannsókn tilraunastöðvarinnar hafi leitt í ljós, að um sams konar eða sama sjúkdóm sé að ræða í fé stefnanda og var í sauðfé á Ríp í Skagafirði árið áður. En það fé var allt skorið niður. Skýrði yfirdýralæknirinn jafnframt frá því, að hann hefði lagt fyrir sýslumann að láta framkvæma nákvæma skoðun á sauðfé á öllum nálægum bæjum við Steinholt.

Á meðan á þessum athugunum stóð, gætti stefnandi fjárens í sóttkvinni. Stóð hann í stöðugu sambandi við sýslumann og óskaði ákveðins svars um það, hvaða ráðstafanir hann ætti að gera með féð. Hinn 25. október sendi sýslumaður landbúnaðarráðuneytinu skeyti, þar sem hann krafðist svars ráðuneytisins fyrir næstu helgi, ella ráðstafaði stefnandi fénu afskiptalaust af honum (sýslumanni). Um mánaðamótin október og nóvember var stefnandi staddur á skrifstofu sýslumanns og gekk enn eftir svari. Segir stefnandi, að sýslumaður hafi þá sagt, að honum bæri að skera allt féð niður. Var niðurskurður framkvæmdur 3. nóvember.

Í bréfi til ráðuneytisins, dagsettu 17. nóv., segir sýslumaður meðal annars: „Samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins hef ég séð um, að framkvæmd hefur verið sú skipun þess, að 132 kindum fullorðnum, er hann átti, hefur verið slátrað. Vil ég hér með mæla hið bezta með, að Jóni bónda í Steinholti verði bætt tjónið af niðurskurði þessa fjár, eins vel og auðið þykir.“

Bréfi þessu svaraði ráðuneytið með bréfi, dags. 23. nóvember, og segir þar: „Í téðu bréfi segir, að þér hafið framkvæmt

þá „skipun“ ráðuneytisins, að slátra skuli sauðfé þessa bónda. Hér er um misskilning að ræða. Skrifstofustjóri ráðuneytisins skýrði yður svo frá í símtali, að ef engin leið væri til þess að koma fé Jóns í Steinholti fyrir og hann af þeim sökum neyddist til að farga fénu, þá mundi ráðuneytið hlaupa undir bagga og bæta honum tjónið að einhverju leyti.“

Stefnandi krafðist bóta úr ríkissjóði. Vegna samningsumleitana í því sambandi skrifaði hann landbúnaðarráðuneytinu bréf 2. maí 1952, þar sem hann taldi sjálfsagt, að honum bæri sama bótagreiðsla á hverja kind og þeim, er sama ár skáru niður sauðfé sitt vegna mæði- eða garnaveiki og sauðlausir urðu eitt ár, því að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að fá strax fé í staðinn. Með bréfi til sýslumanns, dagsettu 27. ágúst 1952, bauðst ráðuneytið til að greiða stefnanda bætur fyrir 92 af kindunum, kr. 214,00 fyrir hverja eða kr. 19.688,00, gegn fullnaðarkvittun. Kveðst stefnandi hafa fengið tilkynningu um þetta 14. október.

Með bréfi 9. desember 1952 bauðst stefnandi til að taka á móti fyrrgreindri fjárhæð með fyrirvara, en tilkynnti jafnframt, að grundvöllur um bótagreiðslur með þeim hætti, er fyrr greinir í bréfi hans frá 2. maí, væri niður fallinn. Síðar féllst ráðuneytið á það að greiða stefnanda fyrir 25 kindur að auki eða samtals 25.038,00, og sendi ráðuneytið sýslumanni bréf um þetta 30. des. 1952. Kveðst stefnandi hafa fengið tilkynningu um þetta frá sýslumanni 15. janúar 1953, en afhending fjárins hafi þá eins og áður verið bundin því skilyrði, að hann gæfi fullnaðarkvittun fyrir bótum úr ríkissjóði. Að lokum varð samkomulag um að afhenda stefnanda fjárhæð þessa, kr. 25.038,00, og tók hann við henni 30. marz 1953 sem greiðslu upp í bætur. Síðar krafðist stefnandi frekari bótagreiðslna úr ríkissjóði, en samkomulag náðist ekki, og höfðaði hann því mál þetta.

Páll Agnar Pálsson, sérfræðingur tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði, hefur lýst sjúkdómi þeim, sem var í fé stefnanda, í tímaritsgrein, er birtist í desember 1951. Segir þar meðal annars:

„Sjúkdómur þessi er enn ekki þekktur til hlítar og því ekki ósennilegt, að skoðanir okkar á ýmsu, er sjúkdóm þennan varðar, kunni að breytast.

Hér er um að ræða næman sjúkdóm, sem lýsir sér á þann hátt, að útbrot og vörtukennd sár koma á fætur fjárins, einkum milli klaufa og lagklaufa.

Hér á landi mun ekki með vissu vitað til, að sjúkdóms þessa hafi orðið vart fyrr en síðastliðinn vetur, að hann kom upp í fénu á Ríp í Hegranesi, og sýktist nær allt féð á bænum.

Ekki er vitað, hvernig sjúkdómur þessi hefur borizt að Ríp. Féð, sem var á Ríp, var keypt af bæjum á Heggstaðanesi, en þar hefur sjúkdómsins ekki orðið vart. Nú hefur sjúkdómur þessi enn á ný gert vart við sig í Skagafirði, að þessu sinni á nokkrum bæjum í Staðarhreppi. Sumar af hinum sjúku kindum hafa komið sjúkar af fjalli, svo að möguleiki til víðtækari smitunar kann að vera til staðar.

Orsök þessa sjúkdóms er talin vírus, örsmátt, ósýnilegt smitefni (Blakemore 1947). Smitefnið finnst í sárunum á fótum fjárins, en þó einkum í skorpum þeim, sem þekja sárin. Af sárum og skorpum sóttmengast land og hús, þar sem sjúkt fé gengur. Smitefnið er mjög lífseigt, lifir sennilega meira en ár, ef skilyrði eru hagstæð (Harris 1948). Gerir þetta útrýmingu sjúkdómsins erfiða.

Fé á öllum aldri virðist taka veikina, en lömb munu þó að jafnaði næmari en fullorðið fé. Enn er ekki úr því skorið með fullri vissu, hvort ónæmi myndast, eftir að kindin hefur yfirunnið veikina, eða hve lengi slíkt ónæmi varir. Ýmislegt bendir þó til þess, að nokkurt ónæmi myndist, enda þótt kindur geti sýkt oftár en einu sinni af veiki þessari.

Veiki þessi veldur sjaldan dauða, nema ígerðir eða blóðeitranir komi til.

Sárin eru lengi að gróa, 1—2 mánuði, enda hjúkrun erfið, þar sem saur og óhreini berast að staðaldri í sárin. Erlendis er reynslan sú, að lömb verða mun harðar úti en fullorðið fé.

Öðrum húsdýrum mun ekki stafa hættu af þessum sjúkdómi.

Þess er rétt að geta hér, að fólk, sem fæst við lækningu á sjúkum kindum, getur sjálft smitast, sérstaklega ef það hefur sár eða rispúr á höndum eða andliti. Er því fyllsta ástæða til þess að viðhafa sérstaka varúð við hjúkrun fjárins, nota vettlinga og þvo og sótthreinsa hendur vel á eftir.

Útbrotaveiki í sauðfé virðist vera nýr sjúkdómur hér á landi. Þótt fátt fé drepist af völdum hans, veldur hann miklum óþægindum, féð horast, og fóðureyðsla vegna hans getur orðið tilfinnanleg. Komist sjúkdómurinn í unglömb, má búast við, að hann geti valdið verulegu tjóni. Það er því full ástæða til þess, að heilbrigðisfyrirvöld landsins geri viðeigandi ráðstafanir til þess að hindra útbreiðslu hans.“

Sama haustið og sjúkdómsins varð vart í fé stefnanda virðist, eftir því sem fram er komið í málinu, að sjúkdómurinn hafi komið upp á fleiri bæjum í Skagafirði, án þess að niðurskurður væri fyrirskipaður. Er ekkert fram komið, er bendi til þess, að sjúkdómurinn hafi valdið usla á þessum stöðum. Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi á því, að niðurskurðurinn hafi verið ástæðulaus og því ólögmaður gagnvart honum. Ákvörðun um niðurskurðinn hafi verið tekin vegna misskilnings sýslumanns og landbúnaðarráðuneytisins, en þarflaust hafi verið að skera niður, þar sem ekki hafi verið um alvarlegan sjúkdóm að ræða. Eftir að frétt hafi, að leigutakar fjárens hafi ekki viljað við fénu taka, hafi ætlan stefnanda verið að fá hey og fóðurbæti annars staðar að og jafnvel hús. Honum hafi ekki komið til hugar að farga nokkurri kind, enda hafi þær verið eins og tveggja vetra gamlar og auk þess komið langt fram yfir kaup-tíð. Niðurskurðurinn hafi valdið honum miklu tjóni, sem stefnda beri að bæta, þar sem hann beri ábyrgð á fyrirmælum sýslu-mannsins, sem gefið hafi fyrirskipunina um niðurskurðinn sem lögreglustjóri lögsagnarumdæmisins. Með því að stefndi eigi einn sök á því, hvernig til tókst, beri honum að bæta allt tjón stefnanda, sem hann sundurliðar þannig:

1. Stofnbætur, 132 kindur		
á 500,00 kr.	kr. 66.000,00	
2. Niðurlagsverð		38.413,23
3. Kostnaður af sóttkví	— 2.000,00	
4. Afurðatjón 1952	— 33.201,60	
5. — 1953	— 34.319,60	
6. — 1954	— 26.540,04	
7. — 1955	— 28.626,40	
8. Ferðakostn. til Rvíkur	— 6.000,00	
9. Innborgað upp í kröfuna	—	25.038,00
10. Skuld stefnda	—	133.236,41

Kr. 196.687,64 196.687,64

Aðalkröfu sína byggir stefndi á því, að honum hafi alls ekki verið skylt að greiða stefnanda nokkrar bætur fyrir niðurskurðinn. Sjúkdómur sá, útbrotaveiki, sem fundizt hafi í fé hans, falli ekki undir sjúkdóma þá, sem taldir eru í lögum nr. 44/1947. Ætla megi, að hann sé hættulítill og engin þörf hafi verið að skera fé stefnanda af þeim sökum. Hins vegar hafi stefnanda borið nauðsyn til að losna við féð, þar sem leigutakar þess vildu ekki taka

við því og hvergi var hægt að koma því í fóður eða selja það á lífi, en stefnandi hafi sjálfur verið fóðurlaus. Af þessum ástæðum hafi ekki verið um annað að gera fyrir stefnanda en farga fé sínu, og geti það atriði, að sýslumaður hafði einhver afskipti af slátruninni, ekki bakað stefnda greiðsluskyldu umfram það, sem lofað hafði verið af landbúnaðarráðuneytinu. Stefnandi hafi þegar fengið greiddar allar þær bætur, sem honum hafi verið lofað, og þær kindur bættar, sem stefnandi sjálfur taldi sig hafa verið búinn að koma í fóður og á leigu, en viðtakendur neituðu að taka á móti. Verði hins vegar litið svo á, að stefnanda beri að fá frekari bætur úr ríkissjóði, þá geti þær bætur aldrei numið meira fé en hæfilegu söluverði sauðfjár stefnanda um haustið 1951. Við hinn munnlega málflutning féll stefndi frá fyrri mótmælum sínum um tölu þess fjár, sem stefnandi kveðst hafa skorið niður. Þá hefur stefndi einnig fallið frá mótmælum sínum um niðurskurðarverðið. Hins vegar hefur hann mótmælt kostnaðinum við vörzlu fjárins sem röngum og til vara allt of háum. Þá hefur stefndi mótmælt afurðatjónskröfum stefnanda sem röngum og stefnda algerlega óviðkomandi. Ljóst sé, að stefnandi geti ekki átt rétt á fullum bótum fyrir sauðfé sitt haustið 1951 og auk þess bætur fyrir afurðamissi í mörg ár. Stefnandi hafi haft verulegt fjármagn, niðurlagsverðið og bæturnar frá ríkissjóði, til að kaupa fé fyrir um haustið 1952, ef hann hefði hirt um það. Geti stefndi ekki átt að gjalda þess, að stefnandi notaði ekki peningana á þennan hátt. Þá beri einnig á það að líta, að stefnandi hafi verið búinn að leigja féð, og geti tjónið eigi numið hærri fjárhæð en hreinum hagnaði af þeirri leigu. Þá hefur ferðakostnaði stefnanda til Reykjavíkur verið mótmælt af stefnda sem óviðkomandi stefnda og auk þess allt of háum. Þá hefur stefndi á það bent, að stefnandi hafi verið að hætta búskap um þetta leyti, og af þeim sökum eigi hann ekki rétt á neinum afurðatjónsbótum.

Því hefur ekki verið sérstaklega andmælt af hálfu stefnda, að sýslumaður hafi gefið fyrirskipun um niðurskurð á fé stefnanda. Verður skýrsla stefnanda um það atriði því lögð til grundvallar. Stefnandi ber ábyrgð á fyrirskipun sýslumanns, sem stefnandi hlýddi, og ber stefnda því að bæta stefnanda það tjón, sem hann hefur orðið fyrir vegna niðurskurðarins, að fullu, enda er ekkert fram komið í málinu um það, að sýslumaður hafi gert fyrirvara um bætur úr hendi stefnda, þegar hann gaf stefnanda fyrirskipun um niðurskurðinn.

Eigi verður á það fallizt hjá stefnda, að stefnandi hafi verið nauðbeygður til að skera fé sitt niður, þó að brostnir væru möguleikar hans til að leigja féð, eins og hann ætlaði í upphafi. Eins og samgöngumálum landsmanna er nú háttað, verður að telja, að stefnanda hafi verið í lófa lagið að afla sér nægs fódurs og húsnæðis fyrir fénaðinn, þó að hann hafi hvorugt haft um haustið, og má ætla, að hann hefði getað komið meginstofni fjárins fram, enda er það beinlínis viðurkennt af stefnda og álit hans, að sjúkdómurinn hafi verið vægur. Hins vegar má gera ráð fyrir, að kostnaður stefnanda við að koma fénu fram, hefði orðið óvenjumikill, eins og á stóð.

Það er upplýst í málinu, að sonur stefnanda, Ingvar Gýgjar, keypti haustið 1952 milli 10 og 20 kindur, sem hann hafði á jörðinni. Árið eftir hafði Ingvar á fódurum um eitt hundrað fjár, og fjölgaði því enn á því ári, svo að það var árið 1954 124 kindur og árin 1955 og 1956 alls 144. Þá keypti Ingvar kálfa til uppeldis, auk þess sem hann átti nokkur hross. Var heyja aflað á jörð stefnanda handa öllu búfé Ingvars og það haft þar. Það er einnig fram komið, að stefnandi átti þrjár kindur eftir niðurskurðinn. Kveðst hann hafa fengið heimild til að láta þær lifa. Á vottorði frá Hagstofu Íslands, sem lagt hefur verið fram og ekki hefur verið andmælt af hálfu stefnanda, sést, að stefnandi á í árslok 1951 þessar þrjár kindur. Á næstu fimm árum á stefnandi hins vegar enga kind. Virðist hann því hafa fargað þessum þremur kindum sínum, en enga keypt í staðinn. Er málflutningur stefnanda meðal annars á því byggður, að stefnandi hafi ekki getað keypt fé að nýju eftir niðurskurðinn vegna þess, hve bætur úr hendi stefnda komu seint, og hann hafi því þurft að eyða því fé, sem hann hafði handbært, í annað, þar á meðal til sinnar eigin framfærslu. Á þetta verður ekki fallizt. Ef stefnandi ætlaði að halda áfram sauðfjárbúskap, þar honum að kaupa fé aftur og nota m. a. til þess niðurlagsverð niðurskurðarfjárins. Þótt hann gæti það ekki strax haustið 1951, er ljóst, að lífgymbrar gat hann auðveldlega fengið keyptar haustið 1952. Þegar það er virt, að sonur stefnanda keypti sauðfé strax haustið 1952 á jörðina og jók það jafnt og þétt, auk þess sem hann hóf allstórt kúabú á jörðinni, sem er frekar lítil nýbýlisjörð, verður að líta svo á, að stefnandi hafi raunverulega hætt sauðfjárbúskap eftir niðurskurðinn, og hafi niðurskurðurinn þar ekki öllu ráðið.

Það er hins vegar ljóst, að niðurskurðurinn hefur valdið

stefnanda allverulegu tjóni, einkum þegar það er haft í huga, að ær hans voru eins og tveggja vetra gamlar og að álitni hinna sérfróðu meðdómsmanna afurðagóðar. Það er og álit beggja aðilja, að sjúkdómurinn, sem upp kom í fé stefnanda, hafi verið vægur og hættulítill.

Ekkert er komið fram, sem beinlínis hnekki þessu álitni þeirra um sjúkdóminn. Þykir því verða að leggja það til grundvallar. Verður því litið svo á, að um verulega verðrýrnun á fjárstofni stefnanda hafi ekki verið að ræða af þeim sökum.

Það er álit dómsins, að hæfilegt sé að meta verðgildi fjár stefnanda á fæti kr. 500,00 kindina eða samtals kr. 66.000,00. Ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð að frádregnu niðurlagsverði fjárins, kr. 38.413,23, eða kr. 27.586,77. Þá þykir stefnandi einnig eiga rétt á nokkrum afurðatjónsbótum, sem eftir öllum atvikum þykja hæfilega ákveðnar kr. 30.360,00.

Því hefur ekki verið andmælt af stefnda, að sýslumaður hafi fyrirskipað stefnanda að hafa féð í sóttkví og gæzlu, og verður stefnda því dæmt að greiða stefnanda kostnað hans við gæzluna. Þykir honum í hóf stillt hjá stefnanda, og verður sá liður kröfunnar (nr. 3) tekinn til greina að fullu.

Það er ljóst, að stefnandi hefur haft aukafyrirhöfn og ferðalög vegna samningsumleitana við stefnda og innheimtu þegar greiddra bóta vegna niðurskurðarins. Þykir rétt að taka kröfu hans að þessu leyti (nr. 8) til greina með kr. 3.000,00.

Stefnandi hefur áður fengið greiddar kr. 25.038,00.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 62.946,77 ($27.586,77 + 30.360,00 + 2.000,00 + 3.000,00$) að frádregnum kr. 25.038,00 eða alls kr. 37.908,77 ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið. Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.500,00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Hjalta Gestssyni héraðsráðunaut og Stefáni Aðalsteinssyni búfjárfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Jóni Jónssyni, kr. 37.908,77 með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og kr. 4.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðförla að lögum.